



# Engar forsendur eru fyrir breyttu fyrirkomulagi á innflutningi gæludýra hingað til lands

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytingar á lögum nr 54/1990 um innflutning dýra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hægt sé að flytja gæludýr til Íslands án þess að þau fari í einangrun. Við undirritaðir vorum eindregið við þessu og viljum í örstuttu máli færa fyrir því rök. Gæludýr geta verið heilbrigðir smitberar og geta borið með sér smit í önnur dýr. Heilbrigðir smitberar sýna engin einkenni smits og því er ekki mögulegt að greina smitið við almenna lækni skoðun.



Gæludýr geta verið smitberar.

Mynd / Svava Svansdóttir

## Gæludýr geta verið smitberar

Gæludýr geta borið smitefni sem einnig valda sjúkdómum í öðrum dýrategundum. Skýrasta dæmi um þetta er þegar hundar í Bandaríkjunum smituðust af hestainflúensu af stofni H3N8 og er smitið orðið landlægt þar í hundum, sem geta aftur borið það í hross. Ísland er eitt fárra landa í heiminum sem eru laus við hestainflúensu. Ef inflúensa berst í hross á Íslandi þar sem stóð ganga úti á vetrum getur það haft geigvænlegar afleiðingar. Núna er skimað héraendis fyrir inflúensuveirufarbrögðinu í öllum hundum í sóttkví til þess að reyna að koma í veg fyrir að smitið berist í hunda og hross. Mörg smitefni önnur eru þekkt af því sem smitast á milli tegunda og gætu hæglega borist með gæludýrum ef einangrun yrði felld niður. Árið 2010 barst nýr stofn af bakteríunni *Streptococcus equi* subsp. *zooepidemicus* til landsins og olli faraldri af smitandi hósta í hrossum. Þegar faraldurinn var í hámarki ræktaðist þessi bakteríustofn bæði frá hundum og köttum.

## Ekki nóg að bólusetja

Bólusetningar eru ekki fullnægjandi vörn gegn því að til-

tekið smitefni berist til landsins. Bólusetning er vörn gegn sjúkdómi en ekki smiti. Þar að auki eru engin bóluefni til gegn fjölmörgum smitefnum sem við viljum verjast.

Landfræðileg einangrun Íslands veldur því að húsdýr héraendis eru að mestu laus við mörg þeirra smitefna sem landlæg eru í dýrum utan Íslands og á þetta sérstaklega við um hross og nautgripi. Það hefur ítrekað verið staðfest að smitsjúkdómastaða húsdýrakynja okkar er óvenjuleg og líklega einstök á heimsvísu. Hér eru stórir stofnar af dýrum sem eru afar næm fyrir fjölda smitefna. Ef þessi smitefni berast hingað til lands munu mörg þeirra geta valdið faröldrum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Með núverandi fyrirkomulagi við innflutning á gæludýrum er ekki eingöngu verið að draga úr líkum á því að hingað berist smitefni sem valda veikindum í gæludýrum heldur einnig smitefnum sem gætu valdið sjúkdómum í öðrum dýrum og jafnvel mönnum. Breyting á reglum um innflutning á gæludýrum varðar því ekki eingöngu gæludýr í landinu heldur einnig allt húsdýrahald héraendis. Það er

því álit okkar að engar forsendur séu fyrir breyttu fyrirkomulagi á innflutningi gæludýra hingað til lands. Til nánari glöggvunar má sjá umsögn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum á slóðinni:

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=140&malnr=134&dbnr=1327&nefnd=-av>

*f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum.*

**Eggert Gunnarsson** dýralæknir og bakteríufræðingur  
**Vilhjálmur Svansson** dýralæknir og veirufræðingur

*Undirritaðir hafa um árabil starfað á Tilraunastöð Háskóla Íslands við rannsóknir á smitsjúkdómum í dýrum og jafnframt verið í forsvari fyrir rannsóknum á einstökum smitilvikum og faröldrum sem komið hafa upp héraendis á síðustu árum í húsdýrum.*